



Lokaritgerð til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku

Breyttum við rétt ?

Umfjöllun um breytingar á námstíma til stúdentsprófs

Ólafur Eiríkur Þórðarson

Júní 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRN MÁLAFRÆÐI EILD

Breyttum við rétt ?
Umfjöllun um breytingar á námstíma til stúdentsprófs

Ólafur Eiríkur Þórðarson

Lokaritgerð til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku

Leiðbeinandi: Valgerður Anna Jóhannsdóttir

Stjórn málafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2018

Breyttum við rétt ?

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku.
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Ólafur Eiríkur Þórðarson, 2018
kt. 230583-5289

Reykjavík, Ísland, 2018

Útdráttur

Greinargerð þessi, ásamt fréttaskýringamyndbandi þar sem umfjöllunarefnið er stytting á námstíma til stúdentsprófs, er lokaverkefni mitt í MA-námi í blaða-og fréttamennsku við Háskóla Íslands. Í greinargerðinni eru helstu hlutverkum blaðamanna í lýðræðissamfélögum gerð skil. Einnig er fjallað um hvernig hvernig tækni framfarir á sviði boðskipta hafa áhrif á starfsumhverfi og rekstur fjölmiðla.

Í greinargerðinni er einnig farið yfir vinnuferlið sem liggur að baki gerð myndbandsins. Farið er yfir rannsóknarferlið og helstu niðurstöðum þeirrar vinnu gerð skil. Þeim spurningum sem ætlað er að svara eru af hverju var ákveðið að stytta námstíma til stúdentsprófs og hvaða rök lágu að baki þeirri ákvörðun af hálfu mennta-og menningarmálaráðuneytisins.

Helstu niðurstöður eru að yfirlýst markmið með styttingu námstímans hafi verið að draga úr brotfalli nemenda úr framhaldsskólum. Engar rannsóknir virðast hinsvegar liggja að baki þessum ákvörðunum og helstu rök fyrir því að stytting á námstíma dragi úr brotfalli liggur í samanburði við nágrannabjóðir sem skipuleggja framhaldsskólagöngu á þremur árum. Í samanburði íslenska menntakerfisins við menntakerfi nággranna þjóða virðist þó aðeins hafa verið litið til námslengdar en litið fram hjá öðrum þáttum líkt og fjárhagsaðstoð við nemendur.

Abstract

This article combined with a documentary film about changes in the Icelandic education system is a Ma-project in journalism at the University of Iceland. The article contains a brief overview of the role journalists play in the democratic process. The article also addresses how advances in communication technologies have affected the media landscape.

In the article, there is also an overview of the work process that went into the making of the documentary. The questions the documentary is meant to answer is why the changes were made in the education system and to shed some light on the reasoning behind those decisions. The main conclusions are that the changes were made to prevent students from dropping out of the school system. There are however no research data that support those claims and the decisions were made purely on the base of comparison with neighboring countries.

Formáli

Þessi greinargerð, auk heimildarmyndar, er lokaverkefni mitt til Ma-gráðu í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn var Valgerður Anna Jóhannsdóttir, aðjunkt við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, og vil ég færa henni sérstakar þakkir fyrir hennar leiðsögn, skilning og ekki síst þolinmæði. Sérstakar þakkir fá Vilborg Ólafsdóttir og Ólafur Eir Ásgerðarson fyrir að taka þátt í tókum þrátt fyrir að hafa ekki fengið neitt af launum nema þessar þakkir og kaffibolla.

Ég vil þakka fjölskyldu minn og þá sérstaklega eiginkonu minni, Tinnu Eiríksdóttur, fyrir að leyfa mér að tala meira en eðlilegt gæti talist á sunnudagsmorgnum um starfshætti mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Einnig vil ég þakka tengdamóður minni, Stefaníu Valgeirsdóttur, fyrir að viðra börnin og þá sérstaklega yngri son minn Flóka Snæ Ólafsson sem einnig fær þakkir fyrir að ganga ekki fram af ömmu sinni. Foreldrar mínir, Sesselja Bjarnadóttir og Þórður Ólafsson, fá einnig þakkir án þeirra hefði þetta verkefni aldrei orðið að veruleika þar sem ég er að mestu leyti þeim að kenna. Síðast en ekki síst vil ég þakka eldri syni mínum, Styrmi Loga Birgissyni, fyrir að sýna mér þolinmæði og skilning þegar ég hafði ekki tíma. Stóru strákadögum verður ekki slegið á frest héðan í frá.

1 Efnisyfirlit

Útdráttur	5
1. Inngangur	9
1.1. Val á viðfangsefni.....	9
1.2. Rannsóknarspurningar	10
1.3. Val á miðli	11
2. Fjölmiðlar	12
1.1	12
1.2 2.1. Hlutverk fjölmiðla	12
1.3 2.2. Hlutlægni	15
1.4 2.3. Hagsmunaárekstrar	17
1.5 2.4. Almennigur á fjölmiðlamarkaði	20
3. Tilgangur blaðamennsku og val á verkefni	22
1.6 3.1. Félagslega skyldur blaðamanna og menntakerfið.....	22
1.7 3.2. Rekstrarumhverfi og miðlunarform	23
1.8 3.3. Hlutleysi og framsetning umfjöllunar	24
1.9 3.4. Heimildir	26
1.9.1	26
1.9.2 3.4.1. Ritaðar heimildir	26
1.9.3 3.4.2. Viðmælendur	28
4. Niðurstöður	31
4.1. Fyrir á vinnumarkaði.....	32
4.2. Samfella í námi	34
4.3. Skipting fjármuna	36
5. Lokaorð	37
2 Heimildaskrá	41

1. Inngangur

Í þessari greinargerð verður farið yfir vinnuferli við lokaverkefni mitt í blaða- og fréttamennsku hjá Háskóla Íslands. Lokaverkefnið, auk þessarar greinargerðar, er heimildarmynd þar sem umfjöllunarefnið er stytting á námstíma til stúdentsprófs. Umfjöllunarefnið verður skoðað út frá kenningum um skyldur blaðamanna og hlutverk þeirra í lýðræðisríkjum.

1.1. Val á viðfangsefni

Á yfirstandandi námsári 2017-2018 er öllum framhaldsskólum sem bjóða upp á menntun til stúdentsprófs gert að skipuleggja námið út frá þeim forsendum að það taki nemendur þrjú ár að ljúka námi, í stað fjögurra ára líkt og áður var. Þar sem menntun er einn hornsteinn lýðræðislegs samfélags hafa allar umræður um hvernig staðið er að svo veigamiklum breytingum á menntakerfinu fullt erindi til almennings og opinberrar umræðu. Til að mynda segir í stjórnarskránni að „Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.“¹ Þessar breytingar sem gerðar hafa verið á menntakerfinu eiga sér langan aðdraganda og er hægt að finna skýrslur um málefnið á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins allt aftur til ársins 1994.

Ég tel að þessar breytingar sem gerðar hafa verið hafi ekki fengið verðskuldaða athygli í íslenskum fjölmiðlum. Hugsanlega vegna þess að breytingarnar hafa tekið langan tíma og umræðan verið það lengi að hún þykir vart frétt næm lengur. Því til stuðnings má benda á að aðeins tveir skólar, Menntaskólinn í Reykjavík og Menntaskólinn á Akureyri, buðu ekki upp á þriggja ára nám fyrr en á haustönn 2017 en það var stefna ráðuneytisins að skólaárið 2017-2018 væri öllum skólum skylt að skipuleggja nám til þriggja ára.² Það er þó ekki sagt að ekkert hafi verið fjallað um styttinguna í fjölmiðlum en sú umfjöllun hefur að mínu mati helst snúið að því hvað er verið að gera. Það sem ég tel að hafi vantað upp á í umfjöllun fjölmiðla er að skoða þann rökstuðning sem liggur henni að baki, þ.e.a.s. af hverju er verið að ráðast í þessar breytingar ásamt því hverju er verið að breyta.

Hugmyndin að umfjöllunarefninu kviknaði þegar ég var í starfsnámi hjá Kjarnanum og skrifaði þar nokkrar greinar um framhaldsskólana. Við vinnslu þeirra greina bar nokkuð á því að

¹ Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr.33/1944

² Þorgeir Ólafsson 2017

misræmi væri á milli þeirra svara sem bárust frá mennta-og menningarmálaráðuneytinu um hvað væri verið að gera og hvað var í rauninni gert. Ég rak meðal annars augun í skýrslu frá Ríkisendurskoðanda þar sem því var haldið fram af hálfu mennta-og menningarmálaráðuneytisins að vel hafi tekist til að hagræða í rekstri framhaldsskólanna og í því samhengi bent á að eiginfjárstaða framhaldsskólanna í heild sinni væri jákvæð. Þessi fullyrðing talsmanna ráðuneytisins voru vissulega sannar. Hins vegar, þegar rýnt var betur í það sem stóð í skýrslunni, kom í ljós að aðeins einn framhaldsskóli á landinu hafði yfir að ráða um 88 prósentum af eiginfé allra framhaldsskólanna samanlagt. Flestir hinna skólanna voru reknir með tapi, höfðu neikvætt eigið fé eða þurftu að ganga á það til að rétta reksturinn af.³

Ég gat ekki séð hvernig hægt væri að halda því fram að vel hefði tekist í hagræðingu á rekstrinum þegar allir framhaldsskólarnir nema einn væru að berjast í bökkum með að halda sér á floti. Vissulega tókst að rétta eiginfjástöðu framhaldsskólanna samanlagt en í heildina litið tókst ekki að bjarga nema einum skóla og það hjálpar hinum ekkert að þeim skóla hafi verið bjargað „meira“. Mig langaði því að skoða betur hvernig staðið er að rekstri og skipulagi í menntakerfinu.

Sjálfur stefni ég að háskólanámi loknu að gerast framhaldsskólakennari. Ég hef nú þegar lokið við helminginn af því námi og mun ljúka því námi þegar ég hef lokið við námið í blaða-og fréttmennsku. Mér er því hugleikið hvernig er staðið að menntun hér á landi, sem er önnur ástæða þess að umfjöllunarefnið varð fyrir valinu.

1.2. Rannsóknarspurningar

Í undirbúningi fyrir verkefnið var lagt upp með rannsóknarspurninguna sem innihélt þrjár meginspurningar

- Í hverju felast breytingarnar á styttingu framhaldsskólanna?
- Hver eru áhrif styttingar framhaldsskólanna?
- Hver er rökstuðningurinn hjá ráðamönnum fyrir styttingunni?

³ Ríkisendurskoðun 2017

1.3. Val á miðli

Ég ákvað að taka upp viðtöl við viðmælendur á myndband. Ástæðan fyrir því var aðallega sú að með því að afla heimilda á myndbandi þá hef ég, sem blaðamaður, fleiri möguleika þegar kemur að eftirvinnslu og miðlunarleiðum. Þ.e.a.s., hægt er að nýta myndbandsefnið í rituðu máli einfaldlega með því að skrifa viðtölin upp. Einnig er hægt að aftengja hljóðrásina frá myndefninu og nýta hana í eftirvinnslu fyrir útvarp. Sjálfstætt starfandi blaðamaður getur því aukið möguleika sína á að koma sínu efni á framfæri á hvaða miðli sem er, óháð miðlunarleiðum. Allar miðlunarleiðir hafa sína kosti og galla og þótt að sumar miðlunarleiðir henti ákveðnum viðfangsefnum betur, t.d. útvarp fyrir tónlist, þá tel ég að hægt sé að gera flestu ágæt skil á hvaða miðlunarformi sem er. Valið á miðlunarleiðinni er því aðalega fólgin í vali á aðferðum við heimildaröflun. Þar sem að ég aflaði mér heimilda á myndbandi þá lá beinast við að spreyta sig á myndbandsverki.

2. Fjölmiðlar

Þegar kemur að starfi blaðamanna er mikilvægt að vera meðvitaður um þá sérstöðu sem starfinu fylgir. Blaðamenn starfa við fjölmiðlun og hafa ýmsum skyldum að gegna, bæði gagnvart lesendum sínum og eigendum fjölmiðlanna. Hagsmunir þessara hópa fara þó ekki alltaf saman og getur það reynst vandasamt að ráða úr því hvenær skuli láta hagsmuni hvers ráða. Í þessum kafla verður fjallað um hlutverk fjölmiðla í lýðræðissamfélögum. Einnig verður skoðað hvað þurfi að hafa í huga í starfi blaðamanna þegar kemur að hagsmunaaðilum á fjölmiðlamarkaði ásamt því að fjalla um hvort, og þá hvernig, tækninýjungar í boðskiptum hafa rýrt gildi hefðbundinnar blaðamennsku.

2.1. Hlutverk fjölmiðla

Í 73. gr. stjórnarskrár Íslands er tjáningafrelsi tryggt en þar segir að allir hafi rétt til skoðana sinna og sannfæringar og jafnframt er tekið fram: „Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.“⁴ Svipuð ákvæði er að finna í stjórnarskrám Frakklands og Bandaríkjanna en elstu dæmi um stjórnarskrárvarið tjáningarfrelsi er að finna í sænsku stjórnarskránni frá árinu 1766, tuttugu árum á undan Bandaríkjunum og Frakklandi.⁵ Í sögulegu samhengi hefur því verið lögð mikil áhersla á að rekstur fjölmiðla einkennist af frelsi og helstu skorður sem settar hafa verið á starfsemi fjölmiðla hefur verið sú að hún valdi ekki öðrum skaða.⁶

Í gegnum tíðina hafa verið settar fram margs konar reglur og kenningar þegar kemur að rekstri fjölmiðla og hlutverki þeirra. Þessar reglur og kenningar snúa ekki aðeins að því hvað það er sem fjölmiðlar gera heldur að því hvert hlutverk fjölmiðla á að vera.⁷ Þeim ber að virða réttindi einstaklinga og gæta þess að særa ekki æru neins með staðhæfalausum fullyrðingum í fréttáflutningi, ásamt því að bera skylda til að virða rétt einstaklinga á einkalífi. Fjölmiðlar eiga einnig að gæta þess í fréttáflutningi að valda ekki einstaklingum eða samfélaginu skaða og

⁴ Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr.33/1944

⁵ Syvertsen, Enli, Mjøs og Moe 2014

⁶ McQuail 2005

⁷ McQuail 2005

ógná ekki almannaheill, t.d. með neikvæðum fréttáflutningi af jaðarhópum samfélagsins eða með óþarfa nafnbirtingum einstaklinga í viðkvæmum málaflokkum.⁸

Í lýðræðislegu samfélagi er talið mikilvægt að völdum sé skipt á milli hópa svo að enginn einn hópur eða einstaklingur búi yfir of miklum völdum sjálfur. Talað er um þrískiptingu ríkisvaldsins, þ.e. framkvæmdarvald, dómsvald og löggjafarvald. Fjölmiðlar hafa svo verið kallaðir fjórða valdið því þeir hafa eftirlit með ríkisvaldinu og tilkynna almenningi þegar því er misbeitt. Til að fjölmiðlar geti sinnt lýðræðislegum skyldum sínum þarf að ríkja frelsi til tjáningar. Þar dugar þó ekki aðeins stjórnarskrárbundinn réttur til að láta skoðanir sínar í ljós heldur er mikilvægt að fjölmiðlar geti starfað óháð eigendum fjölmiðlafyrirtækisins og því er mikilvægt að eignarhald á fjölmiðlum innan fjölmiðlakerfa sé dreift. Ef fjölmiðlar eru í höndum fámennra og öflugra eigenda eða þrýstihópa er hætta á að fréttáflutningur endurspegli ekki hagsmuni almennings heldur hagsmuni fjölmiðlaeigenda.⁹

Fjölmiðlar eiga einnig að sinna hagsmunum almennings, t.d. almannavörnum, með því að aðstoða yfirvöld að koma upplýsingum til almennings varðandi styrjaldir eða náttúruhamfarir. Almannahagsmunir geta einnig náð til menningaráhrifa og þannig ættu fjölmiðlar tiltekinn landa að verja eigin menningarheim fyrir utanaðkomandi menningu, t.d. með því að leggja áherslu á framleiðslu á innlendu fjölmiðlaefni í stað þess að einblína á endursýningar á aðkeyptu efni erlendis frá.

Fjölmiðlum er einnig talin bera skylda til þess að koma upplýsingum og fréttum áleiðis til almennings og hjálpa þannig til að mynda sér skoðanir á samfélagslegum málefnum.¹⁰ Áhrif fjölmiðla á skoðanamyndun geta verið umtalsverð og hafa rannsóknir sýnt fram á fylgni milli áhorfs sjónvarpsefnis og skoðanamyndunar einstaklinga þegar kemur að öðrum samfélagshópum en þeim sem þeir tilheyra sjálfir. Rannsóknir sem gerðar hafa verið meðal hvíttra háskólanema í Bandaríkjunum gefa til kynna að aukið áhorf sjónvarpsfrétta geti leitt til neikvæðari ályktana gagnvart félagsstöðu bandarískra blökkumanna. Einnig sýndu niðurstöður að hvítir háskólanemar voru líklegri til að útskýra muninn á félagsstöðu hvíttra og svarta með því að halda því fram að blökkumenn einfaldlega skorti frumkvæði og vilja til að

⁸ McQuail 2005

⁹ McQuail 2005

¹⁰ McQuail 2005

vinna sig upp í samfélaginu. Þeir töldu frekar það jafnframt vera ólíklegt að orsakir ójöfnuðar ættu rætur að rekja til félagslegra þátta líkt og færri tækifærum fyrir svarta til atvinnu eða menntunar.¹¹

Fjölmiðlar hafa ekki bein áhrif á hverjar skoðanir einstaklinga eru en þeir hafa samt sem áður talsverð áhrif á þá með óbeinum hætti, t.d. með því að stýra að hverju hugsun þeirra beinist.¹² Hernaðaraðgerðir Bandaríkjanna í Írak voru það málefni sem hvað oftast var fjallað um í þar lendum fjölmiðlum í ársbyrjun 2007. Niðurstöður skoðanakannana sem gerðar voru á sama tíma sýndu að almenningur í Bandaríkjunum töldu Íraksstríðið vera mjög mikilvægt málefni þegar kæmi að því að mynda sér skoðun í komandi forsetakosningum 2008.¹³ Þegar fjölmiðlar fjalla um ákveðin málefni geta þeir því haft töluverð áhrif á hugsun og jafnvel á gjörðir fjölmiðlaneytenda.

Það er því almennt samþykkt að fjölmiðlar gegna lykilhlutverki í lýðræðisríkjum. Almennt samþykki á þessu hlutverki fjölmiðla endurspeglast til að mynda í 26. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 en greinin ber yfirheitið *lýðræðislegar grundvallarreglur* og hefur eftirfarandi um þær að segja:

„Fjölmiðlaveita skal í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. [Hún skal virða mannréttindi og jafnrétti, og einnig friðhelgi einkalífs nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars.] Fjölmiðlaveita skal gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni [í fréttum og fréttatengdu efni] og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, jafnt karla sem kvenna.“¹⁴

Aðeins er minnst á lýðræði á nokkurn hátt á þremur stöðum í texta laganna, tvisvar eins og sjá má í texta 26. gr. laganna og einu sinni fyrr í heiti greinarinnar. Engu að síður hafa höfundar laganna gengið út frá því að fjölmiðlar gegni einhverju lýðræðislegur hlutverki sem er jafnvel ofar mannréttindum, jafnrétti og friðhelgi einkalífsins.

¹¹ Mastro 2009

¹² Alþingi. Frumvarp til laga um fjölmiðla

¹³ McCombs og Reynolds 2009

¹⁴ Lög um fjölmiðla nr.38/2011

Hugmyndin um að málfrelsi og frjáls fjölmiðlun sé lýðræðinu nauðsynleg er ekki ný af nálinni. John Stuart Mills sagði meðal annars í ritgerð sinni, *Frelsið*, að "Sú tíð er nú vonandi liðin, er verja þurfti prentfrelsið með ráðum og dáð sem eina helztu tryggingu gegn spilltri og ofríkisfullri landstjórn. Nú verður að ætla, að óþarft sé að ráðast með rökum gegn þingi eða stjórn, sem á aðra hagsmuni í húfi en þegnarnir, skipar þeim fyrir um skoðanir og ákveður, hvaða kenningar og rökræður þeir megi heyra."¹⁵

Edmund Burke er sagður hafa gefið fjölmiðlum titilinn fjórða valdið sem vísun í þrjár deildir breska þingsins. Valdið sem fjölmiðlar hafa stafa af getu þeirra til að fræða almenning um störf og gjörðir ríkisvaldsins og uppfræða kjósendur um störf kjörinna fulltrúa þeirra. Þannig gera fjölmiðlar almenningi og kjósendum kleift að taka upplýstar ákvarðanir, meðal annars í kosningum¹⁶ eða til að mótmæla líkt og gerðist í búshaldsbyltingunni á Íslandi eftir hrun og í kjölfar umfjallana fjölmiðla um Panamaskjölin 2016 sem leiddu til afsagnar þáverandi forsetisráðherra Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar.

Könnun sem gerð var 2012 á viðhorfi íslenskra blaðamanna til starfs síns kom í ljós að yfirgnæfandi meirihluti þeirra 99,5 % töldu það ekki mikilvægt að styðja stefnu stjórnvalda og rúmlega 98 % þeirra sem tóku þátt í könnunni töldu það ekki mikilvægt eða í sínum verkahring að gefa jákvæða ímynd af forystumönnum stjórnvalda. Þetta viðhorf gefur þó ekki til kynna að hlutverk blaðamanna sé að vera beinlínis í stjórnarandstöðu og má í því samhengi nefna að um 74% prósent þeirra blaðamanna sem tóku þátt í könnunninni töldu það ekki vera í sínum verkahring að vera í beinni andstöðu við ríkjandi flokka. Hinsvegar töldu um 95 % blaðamanna mikilvægt að uppfræða almenning með störfum sínum.¹⁷ Af þessu má ráða að blaðamenn líta almennt ekki svo á að hlutverk þeirra sé að stjórna almenningsáliti heldur að uppfræða almenning svo hver og einn geti myndað sér sínar eigin sjálfstæðu skoðanir.

2.2. Hlutlægni

Blaðamenn eiga að gæta þess að vera hlutlægir í umfjöllun sinni og láta ekki umfjallanir ráðast af eigin skoðunum eða geðþóttu.¹⁸ Þetta viðhorf hefur verið gagnrýnt og bent á að fullkomin

¹⁵ Mill 2000:53

¹⁶ McQuail 2005

¹⁷ Guðbjörg Hildur Kolbeins 2012

¹⁸ Lichtenberg 2000

hlutlægni sé í eðli sínu ekki möguleg því að umfjöllunin muni alltaf litast að einhverju leyti af skoðunum blaðamannsins hvort heldur sem er með vali á umfjöllunarefni eða framsetningu fréttáflutnings. Fullkomin hlutlægni felur í sér að hægt sé að komast að einhverjum einum algildum sannleika að eitthvað eitt sé rétt og annað sé rangt oft og tíðum er umfjöllunarefni fjölmiðla þó á gráu svæði og ekki er hægt að tala um rétt og rangt nema í félagslegu samhengi.¹⁹ John Stuart Mill bendir á þetta í Frelsinu en þar segir hann að „Hver maður varpar þeirri ábyrgð á sinn heim að hafa réttu að standa gagnvart heimum annarra manna, sem eru annarrar skoðunar. Og það bakar honum engar áhyggjur, að hrein tilviljun veldur, hverjum þessara heima hann treystir, því sömu orsaker sem gera Lundúnarbúa að hákirkjumanni, hefðu gert hann Búddatrúar eða að fylgismanni Konfúsíusar í Peking“.²⁰

Skilningur ólíkra einstaklinga á sama fjölmiðlaefni getur verið mismunandi. Framleiðendur fjölmiðlaefnis, og blaðamenn þar á meðal, þurfa því að hafa í huga að þótt fréttáflutningi sé ætlað að koma á framfæri ákveðnum skilaboðum getur merking hjá viðtakanda þeirra skilaboða oltið á skilningi eða túlkun viðtakandans sjálfs. Til að útskýra þessa samverkun setti Stuart Hall fram Kóðun/Afkóðun (Encoding/Decoding) líkanið. Þegar kemur að því að koma ákveðnum boðskap á framfæri þarf, samkvæmt líkani Hall, að hafa í huga félagsvenjur og miðlunarhefðir þess samfélags sem áheyrandahópurinn tilheyrir.²¹ Þegar litið er til fréttáflutnings í þessu samhengi má nefna sem dæmi að það hefur í flestum vestrænum samfélögum myndast sú venja að fréttir í sjónvarpi eru kynntar hverjar fyrir sig af fréttapuli sem fer yfir helstu fréttapunktana áður en að eiginleg frétt er flutt. Þessar venjur hjálpa áhorfandanum að átta sig á því að hann er að fylgjast með fréttatímanum. Flestir Íslendingar myndu átta sig á því strax hvað væri í sjónvarpinu þegar jakkafataklæddur Bogi Ágústson segir „Gott kvöld, í fréttum er þetta helst“. Ef einhver annar einstaklingur heldur en Bogi myndi segja sömu setninguna íklæddur Hawaii skyrtu með ekkert bindi myndi áhorfandinn líklega þurfa að hugsa sig tvisvar um hvort um raunverulegan fréttatíma væri að ræða. Sannleiksgildi og mikilvægi staðreynda getur með öðrum orðum oltið á félagsvenjum hvers samfélags fyrir

¹⁹ Lichtenberg 2000

²⁰ Mill 2000:56

²¹ Mills og Barlow 2013

sig. Framsetning staðreynda skiptir því máli þegar kemur að fréttaf lutningi og blaða- og fréttamenn þurfa að vera meðvitaðir um þau áhrif sem fréttaf lutningur þeirra getur valdið.

2.3. Hagsmunarárekstrar

Frelsi frá ritskoðun ríkisvaldsins er bundið í ákvæði stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi. Til að fjölmiðlar geti talist hæfir til að sinna upplýsingarskyldu sinni dugir það þó ekki til því að aðrir hagsmunahópar, t.d. eigendur fjölmiðla, geta haft áhrif á framleiðslu fréttar.²² Í athugasemdum með frumvarpi til laga, sem seinna urðu að lögum nr. 38/2011, kemur meðal annars fram

„þegar skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 kom út var sérstaklega rýnt í 8. bindi rannsóknarskýrslunnar um þátt fjölmiðla. Einkum var skoðaður kaflinn um ályktanir og lærdóm sem draga má af rannsókninni og með hvaða hætti bregðast mætti við athugasemdum rannsóknarnefndarinnar í fjölmiðlafrumvarpinu. Í skýrslunni er bent á að leita verði leiða til að efla sjálfstæða og hlutlæga fjölmiðlun með því að styrkja bæði fagleg og fjárhagsleg skilyrði fjölmiðlunar. Þá er bent á að styrkja þurfi sjálfstæði ritstjórna og setja eignarhaldi á fjölmiðlum hófleg mörk. Jafnframt er sett fram sú krafa að upplýsa verði hverjir séu eigendur fjölmiðlanna á hverjum tíma til að almenningur geti lagt mat á hvort þeir dragi taum eigenda sinna. Að lokum er bent á að koma þurfi á faglegu eftirliti með fjölmiðlum með það að markmiði að tryggja sé að þeir ræki af ábyrgð hlutverk sitt í lýðræðisríki og verndi almannahagsmuni.“²³

Þarna kemur fram það sjónarmið að efnahagslegir þættir hafi mikil áhrif á rekstur og framleiðslu fjölmiðlafyrirtækja. Þ.e.a.s. eigendur fjölmiðlafyrirtækja geta haft áhrif á hver menningarleg áhrif fjölmiðils eru í samfélaginu. Jafnframt er það talið mikilvægt að almenningi sé gerð grein fyrir því hverjir eru raunverulegir eigendur fjölmiðlafyrirtækja, í þeim tilgangi að almenningur geti metið það hver hugsanleg áhrif eigenda eru á umfjallanir fjölmiðlafyrirtækja, og auka þar með fjölmiðlalæsi.

Eftirlit með eignarhaldi fjölmiðla var einnig hert og segir í 62. gr. að tilkynna þurfi Samkeppniseftirliti um samruna sem að minnsta kosti ein fjölmiðlaveita með yfir 100 milljón

²² McQuail 2005 og Syvertsen, Enli, Mjøs og Moe 2014

²³ *Alþingi. Frumvarp til laga um fjölmiðla*

króna ársveltu er aðili að.²⁴ Til samanburðar þurfa önnur fyrirtæki ekki að tilkynna um samruna til Samkeppniseftirlits nema ársvelta annars samrunaðilans sé yfir 200 milljón krónur.²⁵ Við ákvörðun um hvort leyfa eigi samruna þarf Samkeppniseftirlit einnig, lögum samkvæmt, að leita umsagnar Fjölmiðlanefndar um hvort samruni fjölmiðlaveitna dragi úr fjölræði á fjölmiðlamarkaði. Fjölræði er hvergi skilgreint í lögnum en í greinargerð með lögum nr. 54/2013 segir m.a.

„Með hugtakinu fjölræði í fjölmiðlun er þannig vísað til þess að fjölmiðlar séu ekki undir yfirráðum fárra aðila. Dreift eignarhald á fjölmiðlum er talið tryggja betur að ritstjórnarefni fjölmiðla endurspegli ólík sjónarmið. Hugtakið fjölbreytni í fjölmiðlun hefur margháttaða merkingu og vísar jafnt til þess að fjölbreytt efni sé í boði, að það efni og sjónarmið sem fram kemur sé fjölbreytt og sett fram á ólíkan hátt fyrir notendur, að mismunandi hópar og einstaklingar samfélagsins fái notið sín í fjölmiðlum og höfðað sé til þeirra með fjölbreyttum hætti, og að efni frá ólíkum landsvæðum nái jafnframt til annarra landsvæða en þar sem það er framleitt. Fjölbreytni að þessu leyti felur bæði í sér að í boði sé margbreytilegt efni, svo sem fréttir, menningarefni, fræðslufni, íþróttir o.fl., og að efnistöð endurspegli fjölbreytt viðhorf.“²⁶

Það er því í höndum eftirlitsaðila að leggja huglægt mat á það hverju sinni hver áhrif samruna eru á fjölmiðlalandslagið. Komi fram í umsögn Fjölmiðlanefndar að samruni dragi úr fjölræði er Samkeppniseftirliti heimilt að banna samruna fjölmiðlaveitna á þeim grundvelli þótt að markaðsaðstæður gefi ekki tilefni til að hindra samruna.²⁷

Eitt af skylduverkum Fjölmiðlanefndar, eins og þau birtast í fjölmiðlalögum, er að halda utan um upplýsingar um eignarhald á fjölmiðlum og gera þær upplýsingar aðgengilegar fyrir almenning, t.d. á heimasíðu Fjölmiðlanefndar. Fjölmiðlaveitum er einnig skylt að senda Fjölmiðlanefnd árlega upplýsingar um eignarhald á fjölmiðlum ásamt því að gera Fjölmiðlanefnd viðvart um leið og einhver eigendaskipti verða á fjölmiðlum. Berist

²⁴ Lög um fjölmiðla nr.38/2011

²⁵ Samkeppnislög nr.44/2005

²⁶ Samkeppniseftirlitið 2014

²⁷ Lög um fjölmiðla nr.38/2011

Fjölmiðlanefnd ekki upplýsingar á tilsettum tíma er þeim heimilt að beita dagsektum að allt að 200.000 krónum.²⁸

Í siðareglum Blaðamannafélags Íslands segir

„Blaðamaður varast að lenda í hagsmunaágreiningi, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmuna- samtökum þar sem hann á sjálfur aðild. Hann skal fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur í nafni starfs síns. Blaðamaður hefur í skrifum sínum sannfæringu sína að leiðarljósi. Hann gætir þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi, og auglýsingum í myndum og/eða máli. Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningafrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrúmi.“²⁹

Vandamálið sem blaðamenn standa oft fyrir eru margvíslegir hagsmunaárekstrar sem geta meðal annars komið frá stjórnvöldum, áhrifamiklum aðilum á fjármálasviðinu eða yfirmönnum svo sem eigendum miðlanna eða ritstjórum. Það getur því í oft reynst blaðamönnum erfitt að uppfylla skilyrði siðareglanna og sinna starfi sínu. Eigendur miðlanna geta t.d. verið í þeirri stöðu að vera eigendur fyrirtækja sem gætu hagnast eða tapað á ákveðinni umfjöllun og hvert almenningsálitið er gagnvart ýmsum málum. Þeir gætu þar afleiðandi freistast til að hafa áhrif á umfjallanir og þar með almenningsálitið.³⁰ Eins geta ítarlegar fréttaskýringar krafist mikillar vinnu og verið mjög kostnaðarsamar og ekki víst að þær borgi sig fjárhagslega. Blaðamenn eru oft undir miklu álagi frá ritsjórnnum að skila efni frá sér og er krafan oft sú að það skuli unnið hratt, til að vera á undan öðrum miðlum með fréttirnar, og að þær skili af sér auknu fylgi lesenda.³¹

Samkvæmt rannsókn á störfum og starfsháttum íslenskra blaðamanna sem gerð var árið 2012 telur yfirgnæfandi meirihluti íslenskra blaðamanna að tímamörk sem þeim eru sett, ásamt skorti á aðgengi að fjármagni, hafa áhrif á störf sín. Þar segir jafnframt að „Blaðamenn vinna

²⁸ Lög um fjölmiðla nr.38/2011

²⁹ Blaðamannafélag Íslands 1991

³⁰ Williams 2013

³¹ Williams 2013

oft undir miklu álagi og greinilegt að tímapressa og skortur á auðlindum til fréttáöflunar, t.d. fjármagni, tækjum, mannafla og tíma, hefur helst áhrif á störf þeirra, að sögn þeirra sjálfra.“³² Þátttakendur í könnunninni nefndu einnig ritstjórnarstefnu sem áhrifavald á störf sín. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur einnig fram að 80 prósent blaðamanna telja að sjálfsritskoðun hafi nokkur, töluverð eða mjög mikil áhrif á störf sín. Í greinargerð með könnunni er það tekið fram að þessar niðurstöður eiga hljómgrunn í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem gefin var út í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og að í henni segi „þá virðist sjálfsritskoðun vera útbreidd í íslensku samfélagi, meðal annars vegna þess hve atvinnutækifæri fjölmiðlamanna eru takmörkuð.“³³

2.4. Almennigur á fjölmiðlamarkaði

Með tilkomu veraldarvefsins hafa opnast fjöldamargir möguleikar til miðlunar á fréttum. Prentmiðlar hafa átt undir högg að sækja frá árdögum veraldarvefsins enda þurfti flutning hraðinn ekki að vers það mikill til að flytja texta. Flutningsgeta veraldarvefsins hefur stórauðist og er nú svo komið að vefmiðlarnir eru ekki aðeins samkeppnishæfir gagnvart prentmiðlunum heldur geta þeir einnig miðlað bæði mynd og hljóði. Snjallsímavæðingin hefur einnig gert það að verkum að efni miðlanna er nú aðgengilegt hvenær og hvar sem er. Áhorf á fréttir er ekki lengur bundið við ákveðinn stað eða tíma. Fréttaáhorf, sem einu sinni var aðeins mögulegt um kvöldmatarleytið heima í stofu eða sjónvarpsherberginu þegar kvöldfréttir voru fluttar, er nú mögulegt í almenningsfarartækjum eldsnemma morguns á leið til vinnu eða jafnvel í ræktinni að henni lokinni.

Neysla á fjölmiðlaefni hefur í auknum mæli færst yfir á stafræna miðlun. Krafa nútíma fjölmiðlaneytandans er að efnið sé aðgengilegt þegar honum hentar og helst í því tæki sem honum hentar hvort sem er í gegnum spjaldtölvu, fartölvu, borðtölvu, snjallsíma eða snjallsjónvarp, svo eitthvað sé nefnt. Hefðbundnar ljósvakaútsendingar með rafbylgjum og línuleg dagskrá hafa smám saman þurft að víkja fyrir niðurgrofnum ljósleiðurum og efni sen er aðgengilegt eftir hentugleika úr Sarpinum. Þetta endurspeglast meðal annars í orðalagi fjölmiðlalaganna en í fyrstu grein laganna þeirra segir að „Markmið laganna er jafnframt að

³² Guðbjörg Hildur Kolbeins 2012:6

³³ Guðbjörg Hildur Kolbeins 2012:7

koma á samræmdri löggjöf á vettvangi fjölmiðlunar óháð því miðlunarformi sem er notað.³⁴ Löggin gera svo greinamun á fjölmiðli sem er miðlunarformið og fjölmiðlaveitu sem er rekstrar aðili fjölmiðils.

Þarna er búið að setja undir sama hatt allar helstu miðlunarleiðir og að mörkin á milli eru ekki eins skýr og áður. Þetta sést til að mynda þegar litið er til þess að flestir hinna hefðbundnu fréttamiðla hafa tileinkað sér miðlun veraldarvefsins. Morgunblaðið heldur úti vefnum mbl.is, þar sem hægt er að nálgast margt af því efni sem birtist í blaðinu. Ríkisútvarpið dreifir efni í gegnum netið þar sem hægt er að nálgast meðal annars ritaðar fréttir, hljóðupptökur fréttanna eða hreyfimyndskeið fréttastofunnar samhliða almennri dagskrárgerð, útvarpsþáttum og hljóðritunum frá tónleikum. Þeir sem þess kjósa geta jafnvel blandað formunum saman og hlustað á texta fréttana lesna upp af talgerfli sem aðgengilegur er á síðunni. RÚV og 365 miðlar bjóða einnig upp á að nálgast efnið í gegnum snjallforrit á spjaldtölvum eða snjall sínum. Meira að segja útvarpsstöðvarnar halda úti vefsíðum þar sem hægt er að nálgast efni.

Internetið hefur einnig lækkað þátttökukostnað þegar kemur að fjölmiðlun. Hver sem er, í fjárhagslega sterku velmegunarsamfélagi, getur sett upp heimasíðu og haldið úti miðli. Samfélagsmiðlar á borð við Facebook, Twitter, Youtube eða Soundcloud gera hverjum sem aðgang hefur að tölvu og nettengingu kleift að halda úti fréttamiðli. Þessir einstaklingsmiðlar geta verið á hvaða miðlunarformi sem er þökk sé stafrænni tækni. Til dæmis, með því að setja upp wordpresssíðu er hægt að skrifa hefðbundnar fréttir í textaformi, setja inn myndskreið, t.d. með hjálp Youtube, eða halda úti hlaðvarpsþætti.

Þensla samfélagsmiðla hefur verið gríðarleg undanfarin ár. Facebook hafði á skrá um 250 milljónir notenda árið 2010. Fimm árum síðar 2015 hafði notendum fjölgað upp í 936 milljónir notenda.³⁵ Með útbreiðslu internetsins og þeim miðlunarmöguleikum sem það býður uppá hefur möguleiki einstaklinga til pólitískrar þátttöku aukist, meðal annars með því að veita einstaklingum almannarými þar sem það getur komið skoðunum sínum á framfæri og hlýtt á skoðanir annarra. Almennungur er ekki lengur háður umfjöllun hinna hefðbundnu fjölmiðla sem sumir hverjir eru hugsanlega hliðhollir ákveðnum stjórn mála öflum öðrum fremur heldur er

³⁴ Lög um fjölmiðla nr.38/2011

³⁵ Fenton 2016

kominn í beina samkeppni við þá.³⁶ Ekki eru allir þó svo bjartsýnir á að internetið og samfélagsmiðlar hafi verulega valdeflandi áhrif á almenning. Í þessu samhengi má benda á að þótt vissulega gefist einstaklingum tækifæri til að miðla upplýsingum er þá ekki sagt að þær upplýsingar nái til lesenda. Magn upplýsingana er einfaldlega of mikið og rödd einstaklingsins blandast saman í kór einstaklinga og ekki er hægt að greina neina ákveðna rödd frá annarri í fjöldanum. Hefðbundnir miðlar ná enn til mun stærri neytandahóps og hægt er að ganga út frá því að áhorf á fréttir BBC eða RÚV sé töluvert meira heldur en á youtubesíðu nágranna þíns.³⁷

Aukinheldur nýta hinir hefðbundnu miðlar sér einnig internetið og samfélagsmiðla. Flestir miðlar, óháð miðlunarformi þeirra, halda úti heimasíðu. Það sem þessar síður eiga sameiginlegt er að bjóða upp á möguleikann að dreifa því efni sem þar er aðgengilegt í gegnum samfélagsmiðla. Ruv.is býður lesendum sínum þessa þjónustu þar sem með einum smelli er hægt að dreifa því efni þar er í boði á síðunni á samfélagsmiðlunum Facebook, Twitter, Reddit, LinkedIn og einnig hinum hefðbundna tölvupósti. Fyrir utan það að auðvelda lesendum að dreifa efninu á samfélagsmiðlum þá halda flestir fjölmiðlar héraendis út einhvers konar síðum á þeim. Rúv, 365 miðla, Morgunblaðið, Nútíminn, Stundin og Kjarninn, svo eitthvað sé nefnt, halda allir út facebook síðu.

3. Tilgangur blaðamennsku og val á verkefni

Þegar kom að vali mínu á viðfangsefni þessa lokaverkefnis hafði fannst mér mikilvægt að hafa í huga bæði hvaða hlutverki blaðamenn eiga að þjóna í lýðræðissamfélögum og einnig þann rekstrarlegan raunveruleika sem ríkir á fjölmiðlamarkaði

3.1. Félaglega skyldur blaðamanna og menntakerfið

Menntun er öllum mikilvæg hvort heldur sem hún veitir einstaklingum atvinnutækifæri eða geri þeim kleift að sinna áhugmálum sínum og auðga hugann. Réttur okkar er varinn í stjórnarskrá og er öllum foreldrum skylt lögum samkvæmt að sjá til þess að börn hljóti einhverja menntun á lífsleiðinni. Ef hlutverk blaðamanna er að veita valdhöfum aðhald tel ég það hreinlega vera skyldu þeirra að grandskoða þær veigamiklu breytingar sem gerðar hafa verið á menntakerfi okkar með styttingu námstíma til stúdentsprófs.

³⁶ Hindman 2009

³⁷ Fenton 2016

Styttingin er nú orðin að veruleika að því leyti að kennsla er skipulögð út frá þriggja ára námi í öllum framhaldsskólum landsins. Ég tel þó að það sé ekki aðeins nóg að fjalla um þá staðreynd heldur einnig benda á hvaða þýðingu það hefur fyrir nemendur, til dæmis með tilliti til félagslegra aðstæðna, námsframvindu og möguleika á frekara námi, ekki aðeins heima við heldur einnig í alþjóðlegu samhengi. Umræða um styttinguna hefur varað í rúmlega tuttugu ár og er því umtalsvert verk að kortleggja alla þá umræðu sem fram hefur farið í fjölmiðlum. Slík vinna hefði að öllum líkindum verið efniviður í aðra meistararitgerð og því gefst ekki rúm innan ramma þessa verkefnis að framkvæma slíka úttekt. Að því sögðu var umræðan um styttinguna lauslega skoðuð á helstu miðlum á þessu tuttugu ára tímabili.

Umræða um styttinguna í gegnum árin virðist saman standa af innsendum greinum til dagblaða þar sem álitsgjafar láta skoðun sína í ljós. Þessir álitsgjafar eru ýmist jákvæðir í garð styttingarinnar og þá sérstaklega þess efnahagslega ávinnings sem af henni hlýst³⁸ eða neikvæðir í garð hennar. Þeir sem tala á móti styttingunni benda yfirleitt á að líta þurfi til félagslegra þátta þegar kemur að breytingum á skólakerfinu og þótt einhver efnahagslegur ávinningur kunni að hljóttast af henni þá eigi ekki að hafa hann að leiðarljósi í ákvarðanatöku.³⁹ Í jafn veigamiklum ákvörðunum og styttingin er, á almenningur skilið að fjallað sé um afleiðingar hennar á gagnrýninn hátt og litið sé til afleiðinga hennar út frá fleiri þáttum heldur en áhrifum á rekstrarumhverfi skólanna sjálfra. Að mínu mati dugar ekki til að skoða aðeins hvað hefur verið gert heldur einnig hvaða tilgangi þessar breytingar eigi að þjóna. Því þarf að skoða vel þann rökstuðning sem lá að baki þeim ákvörðunum sem voru teknar.

3.2. Rekstrarumhverfi og miðlunarform

Ástæða þess að ég vel að gera myndbandsverk eru tvíþættar. Fyrir það fyrsta stefni ég ekki að því að vinna við blaða- og fréttamennsku sem aðalstarf. Ég hef mikinn áhuga á því að vinna við fjölmiðla að einhverju leyti en þá aðeins í lausamennsku svo ég fái tækifæri að þróa og vinna mínar eigin hugmyndir í friði fyrir áreiti hagsmunaaðila á borð við eigendur fjölmiðla. Ég býst því við að ég þurfi í framtíðinni að gefa eitthvað að vinnu minni, enda er það fylgifyskur og gjald þess að fá frið fyrir hagsmunaaðilum. Gallinn við myndbandsverk er að þau eru oft

³⁸ Bryndís Haraldsdóttir 2006 og Sveinn Agnarsson og Tryggvi Þór Herbertsson 2005

³⁹ Kristín Þorsteinsdóttir 2015, Gestur Guðmundsson 2015 og Ólafur Oddsson 2002

kostnaðarsamari og krefjast fleiri vinnu stunda heldur en t.d. skrifaðar fréttagreinar. Kostnaðurinn felst meðal annars í ferðalögum á milli tókustaða. Það er t.d. ekki eins áhrifamikið að sýna símaviðtal á myndbandi til að koma upplýsingum á framfæri. Prentmiðlar komast þó upp með að geta tekið upp síma og rætt við viðmælendur enda skiptir það lesendann engu máli, þar sem framsetning viðtalsins er ekki sjónræn, hvernig upplýsingana er aflað.

Kosturinn við myndbandsverkefni er þó að það er hentugra til dreifingar á netinu. Almennt er athygli fjölmiðlaneytenda ekki mikil þegar kemur að lestri til dæmis á netinu og algengt er að lesendur kafi ekki dýpra í fréttir heldur en fyrirsagnir þeirra. Með nýjustu tækni og mælingartækni á borð við google analytics er nú hægt að mæla hversu lengi lesandinn staldrar við og les fréttir á netinu og þykir það góður lestur þótt hann nái ekki nema tugum sekúndna. Það eru því meiri líkur á því að fjölmiðlaneytandinn fylgist með myndbandi heldur en að þeir verji tíma í að lesa texta.

Myndaband er líka auðvelt að aðlaga eftir stafrænum miðlum. Þótt að vinnan við upplýsinga öflun og eftirvinnslu sé kostnaðarsöm þá býður það efni sem aflað er upp á ýmsa möguleika umfram útvarps og prentmiðla. Það er til dæmis hægt að klippa efnið niður eftir því hvernig hentar best að nýta það til dæmis í heimildarmynd í fullri lengd eða þáttaraðir með styttri þáttum. Hægt er að klippa út hluta af efninu og gera styttri kynningarmyndbönd til dreifingar á samfélagsmiðlum. Það er einnig hægt að blanda saman texta og myndböndum. Einnig er hægt að nýta hljóðrásina eingöngu og endurvinna efnið þannig fyrir hljóðvarp. Með því að afla efniviðar á myndbandsformi gefst því meiri sveigjanleiki til að koma efninu á framfæri hjá hefðbundnum fjölmiðlum hvort sem er á prenti, útvarpi eða sjónvarpi. Auknar líkur á að hefðbundnir miðlar taki umfjöllunina upp eykur einnig líkurnar á því að ná til einhvers áhorfandahóps heldur en að halda úti persónulegri blogg eða samfélagsmiðlasíðu. Því þótt að hægt sé að halda úti persónulegum fréttaveitum á netinu með litlum tilkostnaði þá eru meiri líkur að að ná til stærri áhorfanda hóps með aðstoð stærri hefðbundinna miðla.

3.3. Hlutleysi og framsetning umfjöllunar

Eðli þessarar umfjöllunar er með þeim hætti að ekki verður hjá því komist að taka einhvers konar afstöðu. Til að mynda er það ákveðin afstaða í sjálfu sér að vinna út frá áður nefndri

hugmyndafræði um samræmi milli framkvæmda og yfirlýsinga. Með því er strax farið að gagnrýna þann sem lýsir yfir og framkvæmir, í þessu tilfalli mennta-og menningarmálaráðuneytið, og taka afstöðu að nokkru leyti gegn því. Til að vinna gegn því og gæta sanngirni þarf ég því einnig að passa upp á að áhorfandinn sé meðvitaður um að umræðan er lituð af mínu áliti að einhverju leyti. Áhorfandinn þarf að vera meðvitaður um að þó umfjöllunin sé byggð á staðreyndum og áliti sérfræðinga þá eru niðurstöðurnar enginn heilagur sannleikur heldur byggðar á túlkun höfundar á því hvað skiptir máli fyrir umfjöllunina. Til að undirstrika þetta verður umfjöllunin að einhverju leyti með mig í forgrunni.

Uppbygging og framsetning myndbandsins byggir á þeirra hugmynd að áhorfandinn geti farið með mér í gegnum rannsóknarferlið. Sögusviðið, ef svo má að orði komast, verður því sögumaðurinn sem veltir upp einhverjum spurningum til áhorfandans. Ég ákvað að hafa sögusviðið eins persónulegt og ég gat, í ljósi þess sem var nefnt hér áðan með afstöðu mína til málefnsins, og fóru tölur fram á mínu eigin heimili. Í stað þess að tala beint við áhorfandann í gegnum myndavélina bauð ég tveimur vinum mínum í heimsókn og tók upp á myndband þegar ég útskýrði helstu niðurstöður rannsóknarferlisins fyrir þeim. Með þessu móti vonast ég til þess að komast hjá því að predika yfir áhorfandanum beint þar sem hann er ekki eiginlegur móttakandi þeirra skilaboða sem myndbandinu er ætlað að koma á framfæri heldur áhorfandi á samtal þriggja einstaklinga sem hann getur ákveðið hvort hann hlusti á eða leiði hjá sér.

Eðli málsins samkvæmt er myndbandið að vissu leyti nokkurs konar blekking, þar sem það er í raun óþarfi að fara í gegnum alla rannsóknarvinnuna, enda væru klukkustunda löng skot af Þjóðarbóklöðunni seint talið spennandi sjónvarpsefni. Til að við halda þeirri talsýn að áhorfandinn sé þátttakandi í ferlinu er því nauðsynlegt að undirbúa tölur vel. Það hefur verið gert meðal annars með því að taka óformleg forviðtöl við álitsgjafa og viðmælendur. Þessi viðtöl koma ekki fyrir í lokaafurðinni sjálfri þótt að þessi greinargerð byggji á þeim að einhverju leyti. Tilgangur þessara forviðtala er að afla upplýsinga um umfjöllunarefni verkefnisins ásamt því að undirbúa bæði viðmælendann og spyrjandann fyrir hin eiginlegu viðtöl.

Í öllum þeim forviðtölum sem tekin voru útskýrði ég hvernig þetta vinnulag gengur fyrir sig. Viðmælendum var tilkynnt að viðtölin séu óformleg, auk þess sem verklagið var útskýrt í grófum dráttum og spurt hvort það megi hafa samband við viðkomandi aftur seinna til að taka hið eiginlega viðtal. Þetta er gert meðal annars til að vera ekki að eyða of miklum tíma í að

koma upp myndavélum ef viðtalið verður svo ónothæft vegna þess að viðmælandinn kom málinu ekki við eða hafði engu nýju við að bæta. Einnig gefur þetta kost á því að spyrja í hinu eiginlega viðtali spurninga sem vakna við að ræða við aðra viðmælendur. Með þessu móti er hægt að komast hjá vandræðum í eftirvinnslunni á borð við það að viðmælandinn er ekki eins klæddur í miðju viðtali og annað í þeim úr. Þeir viðmælendur sem tóku þátt í þessari forvinnu voru almennt mjög jákvæðir og sýndu verkefninu mikinn áhuga og ekki síst mikinn vilja til að taka þátt í því. Að lokum var þess gætt að gera þeim öllum ljóst að verkefnið verði hugsanlega sett í dreifingu þegar það er full unnið og að ritstjóri Kjarnans hafi til að mynda lýst áhuga á að birta það, annað hvort í heild sinni eða aðlöguðu að miðlunarhefðum vefsins.

3.4. Heimildir

Ég byrjaði að vinna þetta verkefni á sumarönn. Þar sem þeir viðmælendur og álitsgjafar voru almennt í sumarfrí þegar ég byrjaði á verkefninu einbeitti ég mér að því að undirbúa mig undir þau viðtöl sem hægt væri að taka þegar þeir mættu aftur til vinnu. Ég byrjaði heimildavinnuna á því að fara yfir þær skýrslur sem eru gefnar hafa verið út varðandi styttinguna og eru tiltækar á heima síðu mennta-og menningarmálaráðuneytisins. Upplýsingarnar sem ég aflaði úr þeirri rannsóknarvinnu nýtti ég svo í undirbúning fyrir viðtöl við viðmælendur.

3.4.1. Ritaðar heimildir

Elsta skýrslan sem aðgengileg er á vefsvæði mennta-og menningarmálaráðuneytisins er frá árinu 1994.⁴⁰ Næsta stóra skýrsla sem var gefin út af ráðuneytinu kom út árið 2003.⁴¹ Ég bar þær saman meðal annars út frá því hvaða rökstuðningur var notaður fyrir því að stytta þurfti námið og hver viðmiðin væru. Þessar skýrslur byggja að miklu leyti á sömu hugmyndafræði, þ.e.a.s. að færa íslenskt menntakerfi nær því sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Nýjasta „stóra“ skýrslan sem unnin hefur verið að beiðni mennta-og menningarmálaráðuneytisins einblínir þó aðallega á hagræn áhrif fyrir íslenskt samfélag.⁴²

Þar sem þessi umfjöllun að vissu leyti hugmyndafræðilegt deilumál, þar sem togast á hugmyndir um mannréttindi og hugmyndir um fjárhagslega hagsæld, þótti mér mikilvægt að

⁴⁰ Nefnd um mótun menntastefnu 1994

⁴¹ Menntamálaráðuneytið 2003

⁴² Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 2015

reyna eftir fremsta megni að komast hjá því að láta persónulegar skoðanir mínar hafa áhrif á umfjöllunina. Ég ákvað því að vinna verkefnið út frá þeirri hugmyndafræði að það skipti í rauninni ekki öllu máli hvað væri verið að gera heldur að samræmi væri á milli þess sem gert væri og þess sem sagt væri að verið væri að gera. Í stuttu máli þá vildi ég kanna hvort samræmi á milli yfirlýsinga um framkvæmdir og framkvæmdanna sjálfra.

Stytting á námstíma til stúdentssprófs hefur verið í umræðunni um áratugaskeið. Ég byrjaði því heimildavinnuna á því að skoða helstu skýrslur sem gefnar hafa verið út af menntamálaráðuneytinu í gegnum árin, ásamt því að skoða umræður á vef Alþingis tengdar málaflokknum í gegnum árin. Þó sumar heimildirnar séu komnar til ára sinna eru þær margar hverjar fullgildar enn þann dag í dag. Elsta skýrslan sem þessi umfjöllun byggir meðal annars á er 24 ára gömul frá árinu 1994. Ráðuneytið virðist hafa gert stóra úttekt á kostum og göllum styttingar á námstímanum á hverjum áratug síðan þá. Tvær aðrar stórar skýrslur voru gefnar út 2003 og 2015. Þó að áratugir skilji skýrslurnar að eru þær efnislega mjög sambærilegar og miðað við tilvísanir þeirra á milli virðast þær vera byggðar á hvor annarri að talsverðu leyti.

Umræðan um ástæður þess að stytta nám til stúdentssprófs hefur því lítið breyst í rúma tvo áratugi samkvæmt þessum skýrslum. Þegar kemur að því að skoða hverjar ástæðurnar eru fyrir styttingunni ber öllum skýrslum saman um að styttingin muni að öllum líkindum draga úr brottfalli. Engin skýrslanna byggir þessa fullyrðingu sýna á rannsóknum og virðast aðalrökkin vera getgátur byggðar á samanburði við nágrannapjóðir okkar á hinum Norðurlöndunum. Í skýrslunni frá 2003 er það jafnframt tekið fram að hún byggi aðeins á getgátum sem illa er hægt að sannreyna.⁴³

Í öllum skýrslunum er einnig talað um að stytting framhaldsskólanna dragi úr brottfalli ásamt því að stuðla að hagkvæmari nýtingu fjármuna. Hugmyndafræðin og rökstuðningur með styttingunni hefur því lítið breyst í gegnum árin og segir í nýjustu skýrslunni frá 2015 að þrátt fyrir að rekstrarhagræðing geti verið mikil með styttingunni og sparnaður sem af henni hlýst hlaupi á milljörðum sé fjárhagsávinningur ekki tilgangur hennar og „í því samhengi er vísað til þeirrar meginlínu sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur sett fram í svokallaðri Hvítbók, en samkvæmt þeim er aðalmarkmið með styttingu framhaldsskólanámsins úr 4. árum

⁴³ Menntamálaráðuneytið 2003

í 3. ekki að spara í rekstri heldur auka skilvirkni námsins, s.s. með því að minnka brottfall og hraða námsframvindu.“⁴⁴

Haft var samband við upplýsingarfulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins við vinnslu þessa verkefnis og óskað eftir viðtali við aðila innan þess til að svara spurningum sem viðkoma styttingunni. Þau svör fengust að athuga þyrfti innan ráðuneytisins hvort að viðtalsbeiðnin væri tekin til athugunar. Eftir að hafa sent ítrekanir um viðtalsbeiðnina þó nokkrum sinnum fengust þau svör frá þáverandi upplýsingarfulltrúa ráðuneytisins að ekki væri hægt að verða við beiðninni tveimur mánuðum eftir að hún var fyrst borin fram. Helstu heimildir um þann rökstuðning sem lágu að baki ákvörðun um að nám til stúdentsprófs skyldi stytta um eitt ár liggja því í þeim skýrslum um málaflokkinn sem eru aðgengilegar á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins og þeim þingræðum og upptökum af þinghaldi sem er aðgengilegt á alþingisvefnum.

3.4.2. Viðmælendur

Val á viðmælendum var með ýmsum hætti. Suma hafði ég samband við vegna þess að ég hafði rekist á nöfn þeirra í þeim rituðu heimildum sem ég hafði skoðað. Aðrir viðmælendur urðu fyrir valinu eftir fyrirspurnir í móttökum stofnana. Einnig bentu sumir viðmælendur á aðra viðmælendur sem gætu haft eitthvað til málanna að leggja. Almennt gekk vel að fá viðtöl og voru flestir áhugasamir um þátttöku í verkefninu. Ég ræddi við fleiri viðmælendur heldur en koma fram í sjálfu myndbandinu. Ástæður þess að ekki rötudu öll viðtölin í myndbandið voru af ýmsum toga, til dæmis voru upplýsingar sem fengust úr einu viðtalinu efnislega þær sömu og fengust í öðrum viðtölum og því óþarfi að hafa báða viðmælendur í myndbandinu.

Einnig kom fyrir að innihald viðtala sneru ekki beint að umjöllunarefni verkefnisins. Í einu tilfelli voru þær upplýsingar sem ég fékk úr viðtali í mótsögn við önnur viðtöl og ég taldi það ekki nægilega trúverðugt til birtingar. Allir viðmælendur mínir koma með einum eða öðrum hætti að menntakerfinu hvort sem það er við skipulag kennslu, rekstur menntastofnanna eða afskipti af nemendum. Ég tók meðvitaða ákvörðun að ræða ekki við sjálfa nemendurna. Það kann að skjóta skökku við að ræða ekki við framhaldsskólanemendur í verkefni sem snýr að breytingum á framhaldsskólakerfinu. Ástæða þess að ég ræddi ekki við nemendur er vegna

⁴⁴ Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 2015:2

Þess að verkefnið snýr að breytingum og líklegt er að fáir nemendur hafi reynslu af báðum kerfunum, þ.e.a.s. námi til þriggja ára og námi til fjögurra ára. Af eigin reynslu þótti mér því líklegt að spurningar á borð við hvort álagið sé mikið í náminu yrði svarað á svipaðan hátt sama á hvaða hraða nemandinn væri að ljúka því.

Haft var samband við fleiri viðmælendur en þá sem koma fyrir í myndbandinu og veittu flest viðtölin mikilvæga innsýn í hvernig breytingum á starfi framhaldsskólanna hefur verið háttað. Hér á eftir kemur upptalning á þeim viðmælendum sem birtast í myndbandinu.

Edda Sif Sævarsdóttir Vinnumálastofnunn

Ég hafði samband við Vinnumálastofnun vegna þess að mig langaði að vita hvort þeir hefðu einhverjar tölulega upplýsingar um atvinnuþáttöku framhaldsskólanema. Einnig vildi ég forvitnast um hvort þar væri hægt að finna einhverjar upplýsingar um samband milli menntunar og atvinnumöguleika. Þar var mér bent á að hafa samband við Laufeyju Gunnlaugsdóttur, deildarstjóra ráðgjafadeildar. Eftir viðtal við hana benti hún mér á að hafa einnig samband við Eddu en hún sér um að skipuleggja úrræði á vegum Vinnumálastofnunar fyrir unglinga og þá sérstaklega framhaldsskólanema sem flosnað hafa upp úr námi.

Ólafur H. Sigurðsson skólameistari Fjölbrautaskólans í Ármúla

Ég hafði samband við Ólaf vegna þess að Fjölbrautaskólinn við Ármúla er einn stærsti áfangaskólinn á framhaldsskólastigi á Íslandi. Aldursdreifing nemenda er mikil og nemendahópur skólans fjölbreyttur og því taldi ég að hann hefði hugsanlega meiri yfirsýn yfir hagi nemenda heldur en þeir sem ynnu með nemendum bekkjarskólanna.

Már Vilhjálmsson rektor Menntaskólans við Sund

Ég hafði samband við Má vegna þess að ég hafði áður tekið viðtöl við hann vegna menntamála. Ég vissi því að hann hefði víðtæka þekkingu á þeim breytingum sem hafa orðið á undanförunum árum á því lagaumhverfi sem snýr að framhaldsskólunum. Einnig gat hann veitt góða innsýn í hvernig starfshættir mennta- og menningarmálaráðuneytisins koma skólastjórnendum fyrir sjónir.

Jón Torfi Jónasson prófessor við menntavísindasvið Háskóla Íslands

Ég hafði samband við Jón Torfa af tveimur ástæðum. Fyrri ástæðan er sú að nafn hans kom ítrekað upp í heimildaskráum þeirra rituðu heimilda sem ég skoðaði í tengslum við verkefnið. Jafnframt var hann nefndur sem álitsgjafi í skýrslum sem gefnar höfðu verið út af mennta-og menningarmálaráðuneytinu. Einnig hefur hann rannsakað ástæður fyrir brottfalli nemenda úr skólakerfum. Önnur ástæða þess að ég vildi ræða við Jón Torfa var sú að þeir sem ég ræddi við og starfa að einhverju leyti við menntavísindi bentu mér ítrekað á að hafa samband við hann því hann væri líklega manna fróðastur um umfjöllunarefni verkefnisins.

Ingibjörg Axelsdóttir námsstjóri Kvennaskólans í Reykjavík

Kvennaskólinn í Reykjavík var einn af fyrstu skólunum hér á landi til þess að þróa þriggja ára námsbrautir til stúdentsprófs. Vinna við styttingu á námsbrautum Kvennaskólans hófst árið 2009 og fékk skólinn styrki frá mennta-og menningarmálaráðuneytinu til að þróa námsbrautir sínar. Ingibjörg átti stóran þátt í að skipuleggja þá vinnu sem unnin hefur verið í Kvennaskólanum og hefur tekið þátt í henni allt frá því hún hófst.

Vilborg Oddsdóttir Hjálparstarf kirkjunnar

Eitt af verkefnum Vilborgar hjá Hjálparstarfi kirkjunnar er að sjá um Framtíðarsjóð. Sjóðurinn er ætlaður til að veita ungmenum sem á þurfa því að halda fjárhagsaðstoð til þess að ljúka við framhaldsskólanám, hvort heldur sem það leiði til frekara náms á háskólastigi eða starfsréttinda í einhverri viðurkenndri iðn.

Anna Helga Jónsdóttir aðjunkt við raunvísindadeild Háskóla Íslands

Anna Helga Jónsdóttir hefur unnið að rannsóknum á stærðfræðikennslu í framhaldsskólunum. Hún hefur einnig kannað stærðfræðipækkingu fyrsta árs nema í Háskóla Íslands og var það aðallega vegna þeirrar könnunar sem ég hafði samband við hana. Ég tók óformlegt viðtal við hana um könnun sem gerð var á stærðfræðipækkingu fyrsta árs nema í Háskóla Íslands árið 2011. Niðurstöður þeirrar könnunar sýndu að margir nemendur eru ekki nógu vel undirbúnir fyrir háskólanám þegar kemur að stærðfræði. Sambland af óheppilegu skipulagi og veikindum varð til þess að ekki náðist viðtal við Önnu Helgu sem hægt var að nota í myndbandinu. Þar sem að minnst er á niðurstöður fyrrnefndar könnunar læt ég þó nafn hennar fylgja með á viðmælendalista þessarar greinargerðar.

Gísli Fannberg deildarstjóri kennslusviðs Háskóla Íslands

Eitt af þeim verkefnum sem Gísli þarf að sinna sem deildarstjóri kennslusviðs er að vera í samskiptum og samstarfi við erlenda háskóla um hvernig eigi að meta nám við erlenda háskóla samanborið við nám í háskólum á Íslandi. Einnig sér kennslusviðið um að leggja mat á það hvernig meta skuli innihald stúdentsskírteina nemenda sem koma frá íslenskum framhaldsskólum. Þar sem breytingar á námstímanum til stúdentsprófs hefur meðal annars haft í för með sér endurskipulagningu á uppsetningu námsbrauta hafði ég samband við Gísla til að fá einhver svör við því hvaða áhrif það þessar breytingar hafa á milli skólastiga.

4. Niðurstöður

Hugmyndin um að stytta námstíma íslenskra námsmanna er ekki ný af nálinni. Alþingi skipaði sérstakan starfshóp til að vinna skýrslu um forsendur styttingar námstíma árið 1994. Í þeirri skýrslu segir meðal annars

„Menntun þegnanna er undirstaða velfarnaðar og Íslendingar hafa ekki efni á að standa öðrum þjóðum að baki í því efni. Líta þarf á menntakerfi okkar sem hluta af alþjóðlegri heild og gildir það jafnt um innihald og uppbyggingu náms sem og árangur skólastarfsins. Ef nemendur annarra þjóða hafa fengið nægan undirbúning til framhaldsnáms við átján eða nítján ára aldur er full ástæða fyrir okkur til að endurskoða þá stefnu að halda nemendum í framhaldsskóla fram að tvítugu. Einnig ber að líta til þess að sérhæft nám færir nú í auknum mæli yfir á háskólastig hér á landi sem annars staðar. Með því að stytta framhaldsskólanám má flýta því að nemendur geti tekist á við markvissan starfsundirbúning á háskólastigi.“⁴⁵

Frá því að fyrst var farið að hugleiða af alvöru að stytta nám til stúdentsprófs hafa rökin fyrir því að það skuli gert verið í grófum dráttum þau sömu. Stytta þarf námið vegna þess að einstaklingar skila sér fyrir og frekar í háskólanám sem leiðir að því að starfsævi þeirra að námi loknu lengist með tilheyrandi jákvæðum áhrifum fyrir hagkerfið. Einnig er talið að Íslendingar þurfi að vera samkeppnishæfir á alþjóðasamfélaginu og bent á að ef nemendur annarra þjóða geti verið undirbúnir fyrir háskólanám fyrir en Íslendingar þá hljóta Íslendingar að vera færir um það líka. Í undirbúningsvinnu fyrir styttinguna hefur verið litið til nágrannþjóða okkar á Norðurlöndunum og leitast við að laga íslenskt menntakerfi að menntakerfum þeirra.⁴⁶ Í

⁴⁵ Nefnd um mótun menntastefnu 1994:18

⁴⁶ Menntamálaráðuneytið 2003

umfjöllun um áhrif og ástæður þess að ákveðið var að stytta nám til stúdentsprófs þarf því að skoða í hverju hugsanlegur efnahagslegur ávinningur er fólgin og að hvaða leyti starfshættir íslenskra framhaldsskóla hefur verið aðlagð til að líkjast menntakerfum samanburðarþjóðanna. Einnig þarf að bera saman hvernig námsframvinda Íslendinga í gegnum grunnskóla fram að háskóla er, samanborið við nágrannaþjóðir okkar þar sem helsta markmið þess að verða sér úti um stúdentspróf er að halda í frekara nám í háskólum.

4.1. Fyrir á vinnumarkaði

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði úttekt að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins um hver áhrif styttingar námstíma til stúdentsprófs gætu mögulega orðið fyrir íslenskan efnahag. Niðurstöðurnar voru birtar 2015 og í þeim er talið að stytting námsins hafi jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf. Svo stiklað sé á stóru þá voru helstu niðurstöðurnar þær að jákvæð áhrif væru aðallega vegna tveggja þátta. Fyrri þátturinn var sá að þar sem ungmenni þyrftu að verja einu ári skemur á skólabekk gætu þau hafið starfsframa fyrir og þetta gerir m.a. það að verkum að starfsævi Íslendinga lengist. Einnig telja skýrsluhöfundar að jákvæð áhrif verði ekki eingöngu vegna lengingar á starfsævi, og þar af leiðandi heildarframleiðni, heldur telja þeir að framleiðni á hverja vinnustund aukist einnig. Samkvæmt skýrsluhöfundum felast meira verðmæti í vinnu þeirra sem eru menntaðir, þ.e.a.s. framleiðni vinnu þeirra er meiri en þeirra sem ekki hafa menntað sig.⁴⁷ Þarna þarf þó að hafa í huga að stytting á námstímanum nær aðeins til stúdentsprófs ekki iðngreina eða annarra starfsbrauta framhaldsskólanna.

Stúdentsprófið veitir engin starfsréttindi heldur einungis réttindi til frekara náms á háskólastigi. Þar af leiðandi ættu þau hagrænu áhrif sem menntunin á að skila ekki að koma fram fyrir en við lok háskólanámsins. Jón Torfi Jónasson prófesor á menntavísindasviði Háskóla Íslands segir að „þegar litið er til hinna Norðurlandanna kemur í ljós að íslenskir námsmenn eru að hefja háskólanám á sama tíma og námsenn á hinum Norðurlöndunum. Þau taka sér flest eitt ár í frí eftir framhaldsskólann áður en þau byrja í háskólanum“.⁴⁸ Jón Torfi var einn af þeim sem vann að samanburðarkönnun á skólakerfum Íslands, Danmerkur og Svíþjóðar sem

⁴⁷ Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 2015

⁴⁸ Jón Torfi Jónasson 2017

unninn var árið 2002 að beiðni menntamálaráðuneytisins. Sú könnun er meðal þeirra gagna sem skýrslan um styttingu til námstíma frá árinu 2003 var að miklu leyti byggð á.⁴⁹

Íslandi er stór hópur nemenda sem vinnur með skóla og er vinna samhliða námi hvergi meiri á Norðurlöndunum⁵⁰ en á Íslandi og samkvæmt úttekt Menntamálaráðuneytisins frá árinu 2013 má sjá að meðal helstu ástæðna fyrir brotthvarfi nemenda eru fjárhagsörðuleikar og að þeir leiti frekar á vinnumarkaðinn heldur en að halda áfram í námi.⁵¹ Þrátt fyrir þetta er ekki talið að nemendur þurfi aukna fjárhagsaðstoð og er sú umræða afgreidd í skýrslu frá ráðuneytinu en þar segir

„Ef ákvörðun verður tekin um að stytta námstíma til stúdentsprófs, samkvæmt þeim tillögum sem settar eru fram hér í skýrslunni, má búast við því að nemendur geti unnið viku skemur að sumri. Ekki er líklegt að sú breyting hafi mikil áhrif á getu nemenda til að afla sér tekna, einkum þar sem stór hluti þeirra vinnur líka samhliða námi á veturna. Umræða og ákvörðun um breytt fyrirkomulag fjárhagsaðstoðar til framhaldsskólanemenda er því nánast ótengd ákvörðun um styttingu námstíma til stúdentsprófs, miðað við þær aðgerðir til styttingar sem lagðar eru fram í þessari skýrslu.“⁵²

Samkvæmt núverandi viðmiðum og skilgreiningum á einingarfjölda sem telst til fulls náms í námi til stúdentsprófs á þremur árum jafngildir sá stundafjöldi sem nemur 110% vinnu miðað við átta tíma vinnudag í fimm daga vinnuvikum. Í skýrslu sem unnin var af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins segir „jafnframt er líklegt að nemendur yrðu að hætta þeim hálfkæringi að stunda nám með vinnu – og velja annaðhvort“.⁵³

⁴⁹ Menntamálaráðuneytið 2003

⁵⁰ Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 2015

⁵¹ Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2013

⁵² Menntamálaráðuneytið 2003:31

⁵³ Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 2015:3

4.2. Samfella í námi

Kvennaskólinn í Reykjavík, Kvennó, var einn af þeim skólum sem fyrstur byrjaði að vinna að styttingu námsins. Ingibjörg Axelsdóttir námsstjóri hjá Kvennó⁵⁴ segir að sú vinna hafi byrjað 2008 og ástæðan fyrir því að ráðist hafi verið í að stytta námið vera að tími nemenda hafi ekki verið nægilega vel nýttur. Hún segir að flestir þeir nemendur sem stunduðu nám við skólann hafi litið á fjórða árið sem nokkurskonar frí fyrir átökin í háskólanum. Skólastjórnendur sóttu um styrk til menntamálaráðuneytisins, sem þeir fengu, til að þróa skólastarfið og kennsluna með það markmið í huga að nemendur lykju við námið ári fyrr. Hún segir að í þeirri vinnu hafi þurft að endurskipuleggja algerlega ekki bara innihald og viðmið þeirra áfanga sem þá voru kenndir heldur taka upp algerlega nýja kennsluhætti „það var ekki bara hægt að gera það sem við vorum að gera nema bara hraðar, það hefði aldrei gengið upp“.⁵⁵

Það verður ekki farið í smáatriði í því hverju þessar áherslubreytingar liggja í þessari greinargerð en það er mitt mat að sú vinna sem unnin hefur verið í Kvennó hvað varðar skipulag kennslu sé til fyrirmyndar. Ingibjörg bendir á að óháð lengdar námstímans hafi verið nauðsynlegt að stokka upp og endurskipuleggja nám í framhaldsskólunum og að breytingarnar sem gerðar voru á kennslu og námi í Kvennó hefðu ekkert síður verið nemendum til góða þótt að námið væri fjögur ár. Hún segir nemendur almennt vera ánægðar með fyrirkomulagið og flesta hafa valið þriggja ára námið um leið og það var í boði. Hún tekur það þó einnig fram að skólinn sé í þeirri aðstöðu að geta valið nemendur úr stórum hópi umsækjenda.

„Það er oft talað um ákveðinn árangursafslátt hjá skólum. Ég held að það sé ekkert endilega skólanum sem stofnun að þakka að nemendur séu að skila sér betur undirbúnir í háskólann. Við erum bara svo heppin að af einhverjum félagslegum ástæðum vill ákveðinn hópur sækja hingað og getum valið úr. Góður árangur er ekki sýst því að þakka, ef þessir nemendur myndu frekar vilja fara í einhvern annan skóla þá myndu þeir taka þennan afslátt með sér. Nemendur koma góðir hingað inn og við skilum þeim góðum af okkur ég held að það sé svo sem ekkert afrek útaf fyrir sig.“⁵⁶

⁵⁴ Ingibjörg Axelsdóttir 2017

⁵⁵ Ingibjörg Axelsdóttir 2017

⁵⁶ Ingibjörg Axelsdóttir 2017

Samkvæmt nágildandi lögum er það sett á ábyrgð skólanna að semja sýna eigin námsskrá og skipuleggja nám út frá henni. Námsskráin og námsbrautirnar þurfa hins vegar að hljóta samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytisins þannig er starfsemi allra skóla er á ábyrgð ráðuneytisins.⁵⁷ Anna Helga Jónsdóttir, aðjunkt við verkfræði- og náttúruvísindasvið hjá Háskóla Íslands, segir að samkvæmt könnun sem gerð var á undirbúningi nýnema í stærfræði við skólann sé langur vegur frá því að stúdentspróf hafi forspárgildi um hversu vel nemendur eru undirbúnir til að hefja háskólanám.

Samkvæmt könnuninni var marktækur munur á undirstöðuþekkingu þátttakenda í stærðfræði eftir því frá hvaða framhaldsskóla þeir útskrifuðust. Hún bendir á að „auðvitað ætti þetta ekki að vera svona, ráðuneytið ákveður einhverjar lágmarkskröfur en þær eru ekkert fullnægjandi. Það er mikill munur líka innan skólanna á nemenda sem fær fimm í einkunn og þeim sem er með níu. Samt teljast þeir báðir hafa náð undirstöðunni“. Hún segir að það sá algengt að nemendur hefji nám við háskólann og falli á fyrsta ári en komi aftur og standi sig mjög vel „þannig þetta er það að þeir séu ekki færir um að ná tökum á námsefninu það var bara aldrei búið að setja þá kröfu á þá áður“. Hún segir að það, að skólum er í sjálfvald sett að skipuleggja námsbrautirnar, hafi það gert það að verkum að kröfurnar eru ekki alltaf þær sömu allsstaðar. Innan háskólans hafi að undanfögnu vaknað upp spurningar um hvernig eigi að bregðast við þessum breytingum t.d. með inntökuprófum. Gallinn við inntökuprófin segir Anna Helga vera að „þá er hættu á að við missum af nemendum sem eiga fullt erindi í námið en fengu bara ekki nógu góðan undirbúning“⁵⁸

Gísli Fannberg deildarstjóri við kennslusvið Háskóla Íslands segir að þar sem framhaldsskólunum hafi verið í sjálfvald sett að útfæra uppbyggingu námsbrauta sinna hafi það ekki aðeins áhrif á hvernig háskólar á Íslandi meti stúdentspróf heldur einnig háskólar erlendis. Hann segir að gildi stúdentsprófsins hafi tekið breytingum og sé ekki það sama og áður var, meðal annars vegna þess að „ekki er hægt að ganga að því vísu að ákveðin lágmarksþekking sé til staðar, þekking sem að háskólinn hafi hingað til búið við því að nemendur hafi þegar þeir innritast í skólann og háskólinn ætli ekki að láta þeim í té“. Gísli segir að þetta geti til að mynda haft áhrif þegar kemur að bandarískum háskólum „fyrsta árið í

⁵⁷ Gísli Fannberg 2017

⁵⁸ Anna Helga Jónsdóttir 2017

bandarískum háskólum hefur alltaf verið svipað og loka árið í framhaldsskólum á Íslandi. Þ.e.a.s. þar sé farið yfir ákveðna almenna þekkingu og að námið verður svo sérhæfðara á öðru ári. Þeir stúdentar sem hafa sótt um háskólanám til Bandaríkjanna eftir að hafa lokið framhaldsskólanámi á Íslandi hafi oft fengið fyrsta árið metið vegna þessa⁵⁹. Hann segir, að meðal þeirra aðgerða sem ræddar hafa verið í háskólasamfélaginu til að bregðast við þessu vandamáli, hafi verið að lengja grunnnám í háskólanum um eitt ár „það færi þá lítið fyrir styttingunni ef það væri gert“, segir Gísli.⁶⁰

4.3. Skipting fjármuna

Sá sparnaður sem á að hljóttast af rekstrarhagræðingunni sem fólgin er í að stytta nám til stúdentsprófs átti upprunalega að haldast innan framhaldsskólakerfisins. Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund, segir að loforð hafi verið gefið fyrir því á fundi mennta- og menningarmálaráðuneytisins og skólastjórnenda árið 2015. Í fylgiskjölum með fjárlagafrumvarpi 2016 er einnig tekið fram að sparnaðurinn eigi að haldast innan kerfisins. Í fylgiskjölum frumvarps til fjárlaga 2017 segir hins vegar að draga eigi úr fjárveitingum vegna styttingar á náms til stúdentsprófs um rúmlega 600 milljónir á næstu fjórum árum.⁶¹ Það varð þó ekkert af þessum áformum þar sem ný ríkisstjórn tók við, sú þriðja sem kemur að þessum breytingum. Í fjárlögum þeirrar ríkisstjórnar er gert ráð fyrir hækkun á framlagi til framhaldsskólastigsins á komandi árum.⁶²

Samkvæmt þeim tölum sem fjármálaráðuneytið gefur upp hefur framlag á hvern nemenda hækkað um 6 prósent frá árinu 2016. Í tölum fjármálaráðuneytisins kemur fram að framlag á hvern ársnemenda árið 2008 var 1.217.500 kr. og að framlög á hvern nemenda árið 2017 verði 1.622.900 kr (þessar upphæðir eru á raunvirði krónunnar 2017). Í heildina hafa framlög á hvern ársnemenda aukist um þriðjung af því sem var árið 2008.⁶³ Kostnaður við að mennta hvern nemenda hefur þó aukist og Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund, telur að „það kostar alveg jafnmikið í heildina að mennta þessa námsmenn. Það er eitthvað örlítið ódýrara á þremur árum en kennslumagnið er alveg það sama þannig að stúdentsprófið sem slíkt kostar

⁵⁹ Gísli Fannberg 2017

⁶⁰ Gísli Fannberg 2017

⁶¹ Ríkisendurskoðun 2017

⁶² Fjárlög 2018 nr.100/2017

⁶³ Þorgeir Ólafsson 2017

enn það sama. Það kostar aftur á móti meira á hverju ári núna af því að upphæðinni er skipt á þrjú ár í stað fjögurra“.

Már bendir einnig á að ekki þýði að nota einhverja hækkun frá fyrri árum sem viðmið „skólarnir voru undirfjármagnaðir fyrir hrunið og svo versnaði það bara eftir það, ég hugsa að skólarnir hafi almennt verið reknir með 70 prósent af því fjármagni sem hefði þurft að lágmarki“.⁶⁴ Ekki liggur fyrir hversu mikill sparnaður verður af rekstri framhaldsskólanna með styttingunni en talið er að hann sé einhversstaðar á bilinu 2-3 milljarðar. Þrátt fyrir þetta þá liggur ekki fyrir að auka fjárhagsaðstoð við þá nemendur sem þess þurfa. Einu styrkirnir sem eru í boði fyrir íslenska framhaldsskólanema eru svokallaðir dreifbýlisstyrkir en sá styrkur býðst þeim sem þurfa að sækja nám langt frá lögheimili sínu. Í Svíþjóð eiga allir þeir sem búa í meira en sex kílómetra fjarlægð frá þeim skóla sem þeir sækja nám rétt á einhvers konar ferðastyrkjum. Auk þess geta sænskir framhaldsskólanemar fengið styrki sem nema allt að 100.000 íslenskum krónum á mánuði. Það sama er upp á teningnum í Danmörku en þar geta framhaldsskólanemar fengið styrki sem einnig eru um 100.000 krónur á mánuði. Einnig er framhaldsskólanemendum í báðum þessum löndum úthlutað nauðsynleg námsgögn, fyrir utan tölvubúnað, þeim að kostnaðarlausu.⁶⁵

5. Lokaorð

Það sem ég hef fyrst og fremst lært af þessu verkefni er mikilvægi þess að vanda rannsóknarvinnuna og leita svara við öllum þeim spurningum sem vakna. Þó að allar þær upplýsingar sem ég viðaði að mér við undirbúning þessa verkefnis rötuðu ekki í endalega útgáfu af myndbandinu þá hjálpuðu þær upplýsingar mér við að ná utan um umfjöllunarefnið og átta mig á því hvað væri mikilvægt að fjalla um og hverju mætti sleppa. Góður undirbúningur hjálpaði einnig til þegar kom að því að taka viðtölin. Ég tel að það sé nauðsynlegt að hafa einhverja undirstöðuþekkingu á þeim málefnum sem fjallað er um, bæði til þess að skilja til hlítar þau svör sem viðmælendur gefa sem og átta sig á því hvaða spurninga er best að spyrja. Ég fann það á eigin skinni að þau viðtöl sem ég tók í lok rannsóknarvinnunnar voru bæði markvissari og að ég átti auðveldara að átta mig á mikilvægi þeirra upplýsinga sem í svörunum fólust. Í þeim viðtölum sem tekin voru í byrjun rannsóknarferilsins voru svör

⁶⁴ Már Vilhjálmsson 2017

⁶⁵ Menntamálaráðuneytið 2003

viðmælanda frekar til að upplýsa mig um staðreyndir sem ég vissi stundum ekki að ættu að skipta máli en í seinni viðtölum voru svör frekar staðfesting á því hvort staðreyndir kæmu umfjölluninni við eða ekki.

Vankanta verkefnisins tel ég helst vera þá að ekki fékkst viðtal við neinn frá mennta-og menningarmálaráðuneytinu til að svara þeim spurningum sem vöknudu við vinnslu verkefnisins. Ég fékk aldrei nein svör frá ráðuneytinu um af hverju mér væri ekki veitt viðtal. Í umfjöllun verkefnisins vantar því upp á að eiginlegur rökstuðningur fyrir kostum styttingarinnar komi fram og reiðir umfjöllunin sig því að miklu leyti á mína túlkun á þeim rökstuðningi sem birtist í skýrslum ráðuneytisins.

Þó að yfirlýst markmið með styttingunni hafi verið að draga úr brottfalli og efla gæði náms á framhaldsskólastigi þá virðast hvorki gögnin, né heldur þeir viðmælendur sem rætt var við, vera sammála því að þessar framkvæmdir einar og sér séu nægilegar til að ná yfirlýstum markmiðum. Það eina sem gögnunum og viðmælendum ber saman um er að styttingin hafi í för með sér umtalsverða rekstrarhagræðingu sem muni skila af sér sparnað sem hlaupi á milljörðum þótt að ekki sé hægt að reikna neina nákvæma tölu í því samhengi. Þessi sparnaður sem af styttingunni hlýst er því auka afurð af þeim aðgerðum gerðar hafa verið en ekki tilgangur þeirra. Stór hluti af rekstarvanda framhaldsskólanna, sem birtist meðal annars í skertri þjónustu við nemendur, fram að styttingu hefur hins vegar verið vegna skorts á fjármunum.

Yfirlýst markmið með styttingunni eru þau að með henni muni draga úr brottfalli framhaldsskólanema í bóknámi. Engar rannsóknir virðast þó liggja að baki þessari fullyrðingu og helsti rökstuðningur fyrir því að styttingin hafi þessi áhrif eru að námið er styttra á hinum Norðulöndunum og að brotfall þar sé lægra en hér. Það þarf því að fjalla að einhverju leyti um þennan samanburð á skólakerfi Íslands og annarra Norðurlanda og velta því fyrir sér hvort eitthvað fleira geti haft áhrif heldur en lengd námsins, til dæmis fjárhagssaðstoð við nemendur og annað slíkt.

Einnig er bent á í skýrslum að styttingin hafi jákvæð fjárhagsleg áhrif fyrir íslenskt samfélag í heild sinni þar sem að styttingin muni skyla af sér hæfari starfskröftum fyrr á vinnumarkað.

Þar sem bóknám á framhaldsskólastigi veitir enginn sérstök atvinnuréttindi má því leiða að því líkur að þessi áhrifa á vinnumarkað muni ekki skila sér fyrr en að loknu háskólanámi. Í samanburði við Norðurlöndin þarf því einnig að skoða hvort að styttingin hafi áhrif á gengi stúdenta þegar kemur að háskólanámi ásamt því að skoða hverjir atvinnumöguleikar eru að háskólanámi loknu.

Þegar atvinnupátttaka framhaldsskólanemenda allra Norðurlandanna er borinn saman er áberandi að íslenskir framhaldsskólanemar vinna töluvert meira meðfram námi heldur en gengur og gerist á hinum Norðurlöndunum. Við það vakna óneitanlega spurningar um af hverju svo sé. Að hluta til má hugsanlega rekja þessa miklu atvinnupátttöku til þess að meðalaldur íslenskra framhaldsskólanemenda er hár samanborið við hin Norðurlöndin. Einnig er fjárhagssaðstoð við íslenska framhaldsskólanemendur mun minni en gengur og gerist annars staðar.

Þegar litið er til þess að í stjórnarskrá Íslendinga er þeim tryggður réttur til náms við sitt hæfi vakna spurningar um hvort ekki megi nýta eitthvað af þeim fjármunum sem sparast með styttingunni til þess að auka fjárhagssaðstoð við nemendur. Hvort það geti virkilega verið að íslenskir framhaldsskólanemendur séu að stunda vinnu meðfram námi eingöngu vegna þess að þeir kjósa það en ekki eingöngu að nauðsyn. Hvað með þann hóp sem hefur ekki kost á öðru en að vinna samhliða náminu og hvort ekki væri nær að auka stuðning við eldri nemendur í stað þess að gera þeim erfiðara fyrir? Ef að styttingin snýst um gæði náms en ekki sparnað er ekki hægt að nýta hann til að aðstoða þá sem þurfa á því að halda líkt og gert er í samanburðarlöndunum? Ef íslenskir framhaldsskólanemendur eiga að hætta þeim að vinna samhliða námi og einbeita sér að fullu að náminu þarf þá ekki að auka við þá stuðning líkt og gert er í hinum Norðurlöndunum? Ef það er ekki gert má þá ekki segja að nú sé verið að taka upp menntakerfi að skandinavískri fyrir mynd af hálfkæringi?

Þetta eru spurningar sem hefði mögulega verið hægt að fá svör við í samtali við fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins en fengust því erfiðlega gekk að fá viðtal, eins og áður hefur komið fram. Varðandi það þá gæti hugsanleg ástæða þess verið sú að ekki hafi verið talið nauðsynlegt að veita námsmanni viðtal við lokaverkefnið og að vinnutíma starfsmanna væri betur varið í annað. Það er því hugsanlegt að ég hefði fengið einhver svör eða viðbrögð

við fyrirspurnum ef að ég hefði verið í samvinnu við viðurkenndan miðil. Að því sögðu þá tel ég það samt vera frekar lélegt af hálfu ráðuneytisins að rökstyðja ekki þá ákvörðun að synja viðtalsbeiðni minni.

Það sem ég hef lært af þessu ferli er að það er blaðamönnum nauðsynlegt að vera sveigjanlegir og geta breytt um stefnu ef eitthvað fer á annan veg en reiknað var með. Í þessu samhengi átti upprunalega að fjalla töluvert meira um fjárhagsstöðu framhaldsskólanna en gert er í myndbandinu. Ástæðan var sú að þegar ég hóf vinnu við þetta verkefni voru uppi áform um að draga úr fjárveitingum til framhaldsskólanna, en sú ákvörðun var tekin þvert á gefin loforð um að bæta fjárhagsstöðu framhaldsskólanna. Sú ríkisstjórn sem hafði ætlað að draga úr fjárframlögum var hins vegar leyst upp og nýtt fjárlagafrumvarp samþykkt af nýrri ríkisstjórn í byrjun þessa árs þar sem framlög til skólana voru aukinn. Þó að ég þurfti ekki að taka nein viðtöl upp aftur vegna þessa þá þurfti ég að fresta tveimur viðtölum þar til endanlegt fjárlagafrumvarp var samþykkt. Ég komst einnig að því að val á miðlunarleiðum getur valdið vandamálum sem undir venjulegum kringumstæðum teljast hugsanlega ekki til vandamála. Þegar tölur áttu að hefjast á hinum eiginlegu viðtölum sem nota átti í myndbandinu fékk ég sýkingu í lungun sem urði til þess að ég þurfti að fresta sumum viðtölunum þar sem allar tölur hefðu líklega verið ónothæfar vegna tíðra hóstakasta af minni hálfu. Þetta vandamál hefði ekki verið til staðar ef verkefnið hefði verið á prentmiðli, sem dæmi.

Að því sögðu þá er einnig hugsanlegt að hægt hefði verið að koma umfjöllunarefninu betur til skila með öðrum miðlunaraðferðum. Ég tel þó að þar sem viðtölin sjálf eru tekin upp á myndband þá veiti það sjálfstætt starfandi blaðamanni ákveðinn sveigjanleika. Öll þau rannsóknarvinna og heimildaröflun sem innt hefur verið af hendi við gerð þessa verkefnis er enn til staðar og því hægt að nýta til miðlunar á hvaða formi sem er.

Heimildaskrá

- Alþingi. Frumvarp til laga um fjölmiðla, lagt fyrir Alþingi á 139. Löggjafarþingi 2010-2011 (þingskj. 215, 198. mál). Sótt 15.september af: <http://www.althingi.is/altext/139/s/0215.html>
- Anna Helga Jónsdóttir. 2017. Viðtal höfundar við Önnu Helgu Jónsdóttur, aðjunkt við raunvísindadeild Háskóla Íslands. 14.júlí
- Bryndís Haraldsdóttir. 2006. Skóli framtíðarinnar – stúdentspróf á 13 árum. Morgunblaðið, 19. mars:42
- Fenton, N. 2016. *Digital, Political, Radical*. Polity Press, Cambridge
- Fjárlög 2018 nr.100/2017
- Gestur Guðmundsson. 2015. Guðspjall í formi hagfræðilíkans. Fréttablaðið 11.september:13
- Gísli Fannberg. 2017. Viðtal höfundar við Gísla Fannberg, deildarstjóra kennsluviðs Háskóla Íslands. 27.desember
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. 2012. Siðferði og starfshættir íslenskra blaða- og fréttamanna. *Rannsóknir í félagsvísindum XIII*, bls. 1-13. Ritstýrt af Sveini Eggertssyni og Ásu G. Ásgeirsdóttur. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. 2015. *Efnahagsleg áhrif af styttingu framhaldsnáms*. Hagfræði stofnun Háskóla Íslands, Reykjavík
- Hindman, M. 2009. *The myth of digital democracy*. Princeton university press, Princeton
- Ingibjörg Axelsdóttir. 2017. Viðtal höfundar við Ingibjörgu Axelsdóttur, námsstjóra Kvennaskólans í Reykjavík. 30.nóvember
- Jón Torfi Jónasson. 2017. Viðtal höfundar við Jón Torfa Jónasson, prófessor við menntavísindasvið Háskóla Íslands. 28.desember
- Kristín Þorsteinsdóttir. 2015. Rýrari framhaldsskóli. Fréttablaðið 15.ágúst:18
- Lichtenberg, J. 2000. In Defence of objectivity revisited. *Mass media and society*. 3. útg. Bls 238-254. Ritstýrt af Curran, J. og Gurevitch, M. Arnold, London
- Lög um fjölmiðla nr.38/2011
- Mastro, D. 2009. Effects of racial and ethnic stereotyping. *Media Effects. Advances in Theory and Research* bls. 24-36. Ritstýrt af Bryant, J. Og Oliver, M. B. Routledge, New York

- Már Vilhjálmsson. 2017. Viðtal höfundar við Má Vilhjálmsson , rektor Menntaskólans við Sund, 14. desember
- McCombs, M. og Reynolds, A. 2009. How the news shapes our civic agenda. *Media Effects. Advances in Theory and Research* bls. 1-16. Ritstýrt af Bryant, J. Og Oliver, M. B. Routledge, New York
- McQuail, D.2005. „Normative Theory of Media and Society“, úr D. McQuail, *McQuail's Mass Communication Theory*. 5. útg. Sage, London
- Menntamálaráðuneytið. 2003. *Skýrsla um styttingu námstíma til stúdentsprófs*. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 2013. *Brotthvarf úr framhaldsskólum vor 2013*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík
- Mill, J. S. 2000. *Frelsið*. Jón Hnefill Aðalsteinsson og Þorsteinn Gíslason þýddu. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Mills, B. og Barlow, D.M. 2013. *Reading Media Theory*. Routledge, New York
- Nefnd um mótun menntastefnu. 1994. *Skýrsla*. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík
- Ólafur Oddsson. 2002. „Um skólamál og skýrslu hagfræðistofnunar.“ Morgunblaðið, 19. febrúar:25
- Ríkisendurskoðun. 2014. Rekstrarstaða og reiknilíkan framhaldsskóla. (Skýrsla til Alþingis). Ríkisendurskoðun
- Ríkisendurskoðun. 2017. Eftirfylgni: Rekstrarstaða og reiknilíkan framhaldsskóla. (Skýrsla til Alþingis). Ríkisendurskoðun
- Samkeppniseftirlitið. 2014. Ákvörðun nr.41/2014, *Samruni Pressunar ehf. og DV ehf.*. Sótt 15. september af: <http://www.samkeppni.is/urlausnir/akvardanir/nr/2459>
- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr.33/1944
- Sveinn Agnarsson og Tryggvi Þór Herbertsson. 2005. Er vit í styttingu framhaldsskóla?. Morgunblaðið, 9. desember:37
- Syvertsen, T., Enli, G., Mjøs O.J. og Moe, H. 2014. *The Media Welfare State: Nordic Media in the Digital Era*. Ann Arbor, MI: University of Michigan Press. Sótt 5.september 2017 af: <http://quod.lib.umich.edu/cgi/t/text/textidx?cc=nmw;c=nmw;idno=12367206.0001.001;rgn=full%20text;view=toc;xc=1;g=dculture>
- Williams, K. 2013. *Understanding media Theory*. Bloomsbury, London

Þorgeir Ólafsson. 2017. Tölvupóstsamskipti höfundar við Þorgeir Ólafsson, upplýsingafulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins. 23. Maí